

**Fundur stýrihóps um heilsueflandi samfélag haldinn í Ráðhúsi Borgarbyggðar 11. apríl 2018
kl.16:00.**

Mætt: Gunnlaugur A. Júlíusson, Geirlaug Jóhannsdóttir, Kristín Gísladóttir, Theodór Þórðarson, Guðrún María Harðardóttir og Sigurður Guðmundsson. Fundargerð ritaði Anna Magnea Hreinsdóttir.

Dagskrá:

1. Lýðheilsuvísar 2017

Farið yfir Lýðheilsuvísa fyrir Vesturland árið 2017, en þeim er ætlað að auðvelda sveitarfélögum og heilbrigðisþjónustu að greina stöðuna í sínu umdæmi, finna styrkleika og veikleika og skilja þarfir íbúanna þannig að þau geti unnið saman að því að bæta heilsu og líðan.

2. Hamingja Íslendinga

Niðurstöður úr glærुकynningu Dóru Guðrúnar Guðmundsdóttur, sviðstjóra hjá Embætti landlæknis kynntar, en þær sýna hvaða þættir hafa áhrif á hamingju svo sem menntun, hjúskaparstaða, tekjur og heilsa. Einnig hugarfar festu eða grósku. Rætt um fimm leiðir að vellíðan sem eru að mynda tengsl, hreyfa sig og taka eftir, halda áfram að læra og að gefa af sér. Hamingjudagurinn var haldinn hátíðlegur í Borgarbyggð með fyrirlestri Eddu Björgvinsdóttur í Hjálmakletti sem var vel sóttur.

3. Lýðheilsusjóður – styrkur fyrir árið 2018

Svar við styrkbeiðni hefur borist frá Lýðheilsusjóði og var 500.000 þúsund króna styrk úthlutað til Borgarbyggðar. Unnið verður að þeim verkefnum sem styrkt voru.

4. Vellíðan með hollu mataræði

Farið yfir gátlista Embætti landlæknis um hollt mataræði í sveitarfélaginu. Hann tekur til skólaumhverfisins, íþróttamannvirki, vinnustaði og sveitarfélagið sem heild. Gátlistinn verður nýttur í vinnu við gerð stefnu um næringu í sveitarfélaginu í haust.

5. Vellíðan án áfengis, annarra vímuefna og tóbaks

Farið yfir gátlista sem hægt er að nýta til að skrá grunnlínu í stefnu sveitarfélagsins í málum sem tengjast notkun áfengis, annarra vímuefna og tóbaks. Það er hluti af stefnu um heilsueflingu. Gátlistinn verður nýttur til að taka stöðuna í Borgarbyggð varðandi þennan þátt.

6. Gátlisti um heilsueflandi samfélag

Embætti landlæknis vinnur að gerð gátlista um heilsueflandi samfélag sem Borgarbyggð mun nýta sér í innleiðingu á heilsueflingu í sveitarfélaginu.

7. Fræðslufundaröð

Sigurður Guðmundsson frá UMSB tekur að sér að skipuleggja næringatengdan fræðslufund í maí. Áætlað er að halda fundinn á Hvanneyri og tengja hann garðrækt.

8. Hjóla- og göngustígar

Geirlaug og Gunnlaugur kynntu fyrirhugaðar framkvæmdir við hjóla- og göngustíga á árinu 2018.

Fleira ekki gert. AMH

Fundi slitið kl.17:45